

Fimmtudaginn 30. janúar 1997.

Nr. 37/1997.

Almenna verkfræðistofan hf.

(Jónas Aðalsteinsson hrl.)

gegn

MS-félagi Íslands

(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

Kærumál. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. janúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. janúar 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að lagt yrði fyrir matsmann, sem var dómkvaddur samkvæmt beiðni varnaraðila, að svara tilteknum spurningum um matsefnið. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að lagt verði fyrir matsmanninn að taka til efnislegrar umfjöllunar viðbótarspurningar, sem sóknaraðili lagði fram á dómþingi í héraði 6. janúar 1997. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Almenna verkfræðistofan hf., greiði varnaraðila, MS-félagi Íslands, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. janúar 1997.

Með bréfi, dagsettu 20. nóvember 1996, fór MS-félag Íslands þess á leit við Héraðsdóm Reykjavíkur með vísan til 1. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 78. gr.

laga nr. 91/1991, að dómkvaddur yrði einn matsmaður til að meta atriði, er snerta hönnun og frágang hitalagna og loftræstingar í húsi MS-félagsins að Sléttuvegi 5, Reykjavík, en Almenna verkfræðistofan hf. er hönnunaraðili hita- og loftræstikerfis hússins samkvæmt sérstökum verksamningi aðila. Í matsbeiðni kemur fram, að 14. febrúar 1996 hafi Kristján Flygenring verkfræðingur verið dómkvaddur í Héraðsdómi Reykjavíkur í matsmálinu M-5/1996 til að skoða og meta annars vegar, hvort hönnun og frágangur hitalagna og loftræstikerfis húss matsbeiðanda teldist viðunandi með tilliti til ákvæða laga og reglna um hönnun og frágang slíkra lagna og kerfa að virtum þeim rekstri, sem fram færi í húsinu, og með hliðsjón af góðum hönnunarvenjum, og hins vegar áætlaðan kostnað við úrbætur samkvæmt lið (1). Liggur fyrir í málinu matsgjörð matsmannsins frá 20. júní 1996. Niðurstaða matsgerðarinnar er á þann veg, að loftræstikerfi hússins hafi ýmsa ágalla, sem nánar er lýst í matsgerð, og að áætlaður kostnaður við úrbætur sé alls 2.450.000 kr.

Matsbeiðandi kveður málsókn óumflýjanlega í ljósi þessarar niðurstöðu, en telur þó nauðsynlegt, áður en til hennar komi, að upplýst verði nánar um þau tilgreindu atriði, sem matsbeiðni þessi lýtur að, og er þess því beiðst, að mati hins dómkvadda matsmanns verði fram haldið og lagt fyrir matsmann að skoða og meta eftirgreint: kostnað við þær úrbætur á lagnakerfi húss MS-félagsins, sem lagður er til samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð, að frádrægnum þeim kostnaði, sem fallið hefði á matsbeiðanda, ef lagnakerfi það, sem lagt er til, að sett verði upp, hefði verið sett upp samhliða byggingu hússins, allt eins og nánar greinir í matsbeiðni.

Beiðni þessi var tekin fyrir á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember sl., en þá mótmælt af hálfu matsþola, að dómkvaðning matsmanns færi fram að svo stöddu á grundvelli fram kominnar framhaldsmatsbeiðni. Var úrskurður kveðinn upp 6. desember 1996 þess efnis, að hin umbeðna dómkvaðning skyldi fara fram. Tók matsþoli sér lögmæltan kærufrest, og var málinu frestað til 6. janúar sl. Í þinghaldi þann dag lagði matsþoli fram beiðni um viðbótarspurningar í matsmáli því, sem hér er til umfjöllunar. Vísaði hann um nánari rökstuðning í beiðni sína, en þar kemur fram, að við meðferð fyrra matsmáls aðila, M-5/1996, hafi matsþoli gert árangurslausar tilraunir til að koma að athugasemdum sínum um forsendur matsmálsins og ýmis önnur atriði, sem snerti framkvæmd þess, m. a., að forsendur matsgerðar séu í engu samræmi við samningsforsendur aðila, sem eru nánar tilgreindar. Sé því ljóst, að matsþoli hafi mikla hagsmuni af því, að matsmaður taki til efnislegrar umfjöllunar spurningar þessar, sem allar lúti að atriðum, er hafi mikla þýðingu, fari svo, að matsbeiðandi höfði skaðabótamál á hendur matsþola.

Af hálfu matsbeiðanda var því mótmælt, að lagt yrði fyrir matsmann að svara spurningum þessum, þar sem þær samræmdust ekki fram kominni matsbeiðni hans og gætu því ekki orðið hluti af þessu matsmáli. Vísaði matsbeiðandi til þess, að beiðni matsþola væri að hluta til ný matsbeiðni og að hluta til beiðni um yfirmat á matsgjörð í málinu M-5/1996. Þá var af hálfu matsbeiðanda vísað til þess, að samkvæmt 4. mgr. 79. gr. laga nr. 91/1991 beri þeim, sem biður um öflun sönnunargagna eftir XII. kafla, að greiða kostnað, sem af þeirri gagnaöflun hlýst, og geti matsþoli því ekki komið fram með matsbeiðni, sem hann ætlist til, að matsbeiðandi beri kostnað af.

Af hálfu matsþola var vísað til þess, að matsbeiðandi hefði óskað eftir þeirri sönnunarfærslu, sem fælist í báðum matsmálunum, M-5/1996 og M-49/1996, og í báðum tilvikum beinist að honum sem matsþola. Eigi hann því rétt á að koma að þeim spurningum, sem hann hafi lagt fram, og koma þannig að athugasemdum sínum við dómkvaðninguna og framkvæmd matsgerðarinnar, þar á meðal um það, hvort það hafi verið metið, sem meta skyldi, eða ekki, og að því lúti þær viðbótarspurningar, sem fram hafi verið settar. Því sé eðlilegt, að matsbeiðandi beri allan kostnað af væntanlegu mati.

Í XII. kafla laga nr. 91/1991 er kveðið á um heimildir til að leita til héraðsdóms, áður en mál er höfðað, til að afla sönnunargagna vegna væntanlegs dómsmáls. Í 1. mgr. 77. gr. laganna er heimild fyrir aðila að beiðast dómkvaðningar matsmanns, þótt hann hafi ekki haft uppi kröfu vegna matsatriðis í dómsmáli, ef hann hefur lögvarinna hagsmuna að gæta og beiðnin er fram sett til að staðreyna kröfu eða sanna atvik að baki henni. Í 78. gr. sömu laga er að finna leiðsögn um það, hvers efnis beiðni um dómkvaðningu matsmanns eigi að vera. Í 4. mgr. 79. gr. er kveðið á um, að sá, sem biður um öflun sönnunar, greiði kostnað, er hlýst af því. Ljóst þykir, að matsbeiðandi, MS-félag Íslands, hefur lögvarða hagsmuni af því að fá dómkvaddan matsmann til að meta þau atriði, sem greinir í matsbeiðni, vegna væntanlegrar málsóknar á hendur matsþola. Þá hefur matsþoli lýst yfir því, að hann muni ekki greiða kostnað af mati þessu. Samkvæmt framansögðu þykir matsbeiðandi, sem hefur farið fram á öflun sönnunargagna vegna væntanlegs dómsmáls, ekki þurfa að hlíta því, að lagt verði fyrir matsmann í máli þessu að meta önnur atriði en fram koma í beiðni matsbeiðanda.

Með hliðsjón af framanrituðu verður kröfu matsþola hafnað.

Sigurjóna Símonardóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu matsþola, Almennu verkfræðistofunnar hf., um, að lagt verði fyrir matsmann í máli þessu að meta önnur atriði en fram koma í beiðni matsbeiðanda, MS-félags Íslands.
